**Til aðildarsveitarfélaga EBÍ.**

Kópavogi, 25. október 2024.

**Ágóðahlutagreiðsla 2024**

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBÍ. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags. Því er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu **9,6 milljarðar** á þessu tímabili.

Í stefnumörkum fulltrúaráðs EBÍ um útgreiðslu ágóðahlutar til aðildarsveitarfélaganna er áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBÍ við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Undanfarin ár hefur verið miðað við þá vinnureglu að miða útgreiðslu ágóðahlutar við þriggja ára meðaltal breytinga á þróun eigin fjár félagsins en þó þannig að höfuðstóll félagsins sé ekki skertur. Skv. markmiði félagsins skal þó að lágmarki greiða út kr. 50 milljónir króna.
Í ljósi ofangreindra þátta ákvað stjórn EBÍ að ágóðahlutur ársins 2024 verði lágmarksgreiðslan, þ.e. kr. 50 milljónir.

Ágóðahlutagreiðslan miðast við hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ, sjá nánar í meðfylgjandi yfirliti sem sýnir hlutdeild og greiðslu til hvers og eins aðildarsveitarfélags.

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri EBÍ.